

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um ökuskírteini, nr. 830/2011.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar:

- a. Aftan við lið iv. b-liðar 5. tölul. bætist: sem er 3.500 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd.
- b. Á eftir a-lið 8. tölul. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: réttindi til að stjórna ökutæki í T-flokki sem er meira en 3.500 kg en ekki meira en 7.500 kg að leyfðri heildarþyngd sem tengja má við eftirvagn/tengitæki sem er 750 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd.
- c. Á eftir a-lið 11. tölul. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: réttindi til að stjórna ökutæki í T-flokki sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd og tengja má við eftirvagn/tengitæki sem er 750 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd.
- d. A-liður 19. tölul. verður svohljóðandi: réttindi til að stjórna dráttarvél sem er 3.500 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd og tengja má við:
 - i. eftirvagn/tengitæki sem er 750 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd,
 - ii. eftirvagn/tengitæki sem er meira en 750 að leyfðri heildarþyngd enda sé vagnlest 3.500 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd.

2. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Endurmenntun skal þá lokið að nýju fyrir næstu endurnýjun.

3. gr.

2. mgr. a-liðar 18. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Umsækjandi skal hafa staðist verklegt próf áður en 12 mánuðir eru liðnir frá því hann stóðst bóklegt próf.

4. gr.

Í stað orðanna „einn mánuð eftir að skilyrðum um fasta búsetu er fullnægt“ í 2. mgr. 29. gr. reglugerðarinnar kemur: 12 mánuði.

5. gr.

Á eftir 3. mgr. 40. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svohljóðandi, og breytist röð annarra málsgreina samkvæmt því: Starfsleyfi skal gilda í fimm ár.

6. gr.

Orðin „Í sjálfskiptri kennslubifreið skal í stað fótstigs fyrir kúplingu vera gírstöng eða annar slíkur búnaður sem er komið þannig fyrir að ökukennari geti rofið aflrás.“ í 3. mgr. 2. tölul. IV. viðauka við reglugerðina falla brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á VIII. viðauka reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „persónu- eða atvinnutengsla eða“ í 2. mgr. kemur: persónu- og atvinnutengsla, eða.
- b. 3. mgr. fellur brott.

8. gr.
Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 58. gr., 62. gr. og 64. gr. umferðarlaga nr. 77/2019,
með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu,

2025.

Eyjólfur Ármannsson.

Ingilín Kristmannsdóttir.